

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanessbæjar
maí 2021



Tónlistarskóli Reykjanessbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanessbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@tonrnb.is
vefslóð: tonlistarskoli.reykjanessbaer.is
Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá 9-17 og föstudaga frá 9-16

Endurnýjun umsókna fyrir skólaárið 2021-2022

Fimmtudagurinn 20. maí n.k. er lokadagur fyrir núverandi nemendur til að endurnýja umsóknir sínar fyrir næsta skólaár. Eftir þann dag förum við að vinna úr biðlistaumsóknum. Við biðjum því nemendur um að virða þessa dagsetningu svo skólavist sé trygg. Sótt skal um áframhaldandi skólavist á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum „Endurnýjun og nýjar umsóknir“.

Nýjar umsóknir fyrir næsta skólaár

Sótt skal um á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum „Endurnýjun og nýjar umsóknir“

Það er alltaf opið fyrir nýjar umsóknir, en ef nemandi vill eiga möguleika á því að komast að næsta skólaár, er mjög æskilegt að sótt sé um eigi síðar en 1. júní n.k. Eftir þann dag verður unnið úr nýjum umsóknum. Þeir sem fá skólavist fá tilkynningu í tölvupósti. Aðrar umsóknir fara á biðlista. Ekki verður haft samband við þá umsækjendur sem fara á biðlista, en skrifstofan veitir upplýsingar í síma 420-1400 til föstudagsins 11. júní.

Lok skólaársins

Framundan eru fjölmargir vortónleikar eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Öllum tónleikunum verður streymt úr Bergi nema annað sé tekið sérstaklega fram, án gesta. Streymt verður á YouTube rás skólans.

Eingöngu verða þeir viðstaddir sem eiga að koma fram á tónleikunum ásamt kennurum þeirra, skólastjórnendum eftir atvikum og tæknimanni. Farið verður eftir ákvæðum reglugerða um samkomutakmarkanir og skólahald varðandi fjarlægðarmörk milli fólks. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda/forráðamanna hvenær tónleikar verða, en yfirlit yfir vortónleika skólans er hér í Tónvísi og á tonlistarskoli.reykjanesbaer.is. Einnig veitir skrifstofan upplýsingar.

Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er miðvikudagurinn 26. maí.

Skólaslit verða í Stapa mánudaginn 31. maí kl. 18.00.

Skólaslitunum verður streymt, án gesta, á YouTube-rás skólans.

Viðstaddir skólaslitin verð eingöngu þeir sem eiga að taka á móti áfangaprófsskírteinum, nýr handhafi Hvatningarverðlauna Íslandsbanka, fulltrúi bankans, nemendur vegna tónlistarflutnings, skólastjórnendur og tæknimaður Hljómahallar. Farið verður eftir tilskipunum yfirvalda um fjarlægðarmörk milli fólks.

Við munum tilkynna það sérstaklega ef breyting verður orðin á samkomutakmörkunum, sem myndi gera það mögulegt að hafa gesti.

Athugið.....

.... að við höfum orðið frábæra aðstöðu í Stapaskóla til hljóðfærakennslu á skólatíma.

.... að við verðum með sérstakt kynningarnám fyrir nýja nemendur á blásturshljóðfæri næsta skólaár, fyrir börn sem þá verða í 3., 4, og 5. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar.

Námið hefur verið auglýst, m.a. á vef skólans, og upplýsingar hafa verið sendar út á Mentor. Einnig eru upplýsingar veittar á skrifstofunni, s. 420-1400.



Starfsáætlun í maí 2021



11.maí	þrið.	kl. 19:00	Vortónleikar Gítarsamspil
12. maí	miðv.	kl. 18:00	Vortónleikar Lúðrasveitar TR í Stapa
13. maí	fimm.		Uppstigningardagur: FRÍ
17. maí	mán.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Alberts Vortónleikar nem. Germans Vortónleikar nem. Ragnheiðar Eirar, Þórögnu og Hörpu Vortónleikar nem. Steinars
18. maí	þrið.	kl. 16:30 kl. 18:30 kl. 19:10 kl. 20:00	Vortónleikar Strengjasveitar TR Vortónleikar nem. Renötu og Karenar Vortónleikar nem. Arnars Freys og Arons Vortónleikar nem. Unnar
19. maí	miðv.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Jónínu Vortónleikar nem. Birtu Rósar og Bjarma Framhaldsprófs- og burtfarartónleikar Arnars Geirs í Stapa, tónleikunum verður streymt.
20. maí	fimm.	kl. 16:30 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Jelenu Vortónleikar nem.ínu Dóru Vortónleikar nem. Sigrúnar Gróu Vortónleikar nem. Þórunnar Vortónleikar nem. Aleksöndru
21. maí	fös.	kl. 16:00 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nem. Guðríðar Evu Vortónleikar nem. Grétu Vortónleikar nem. Kristjáns og Kristínar Vortónleikar Kristínar, Peters og Eypórs
24. maí	mán.		Annar í hvítasunnu: FRÍ
25. maí	þrið.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Geirþrúðar Vortónleikar nem. Þorvaldar Más Vortónleikar nem. Söngdeildar Vortónleikar nem. Skafta
26. maí	miðv.		Síðasti kennsludagur
30.maí	sunn.	kl. 19:30	Vortónleikar Bjöllukórs TR
31. maí	mán.	kl. 18:00	Skólaslit



